

## Starfsreglur fyrir mótanefnd KSÍ

### 1.gr.

Mótanefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Mótanefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

### 2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu

### 3.gr.

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

### 4.gr.

Helstu verkefni mótanefndar eru eftirfarandi:

- Að annast og gefa út niðurröðun leikja í mótum á vegum KSÍ.
- Að skipuleggja úrslitaleiki og úrslitakeppnir á vegum KSÍ.
- Að taka ákvörðun um frestun leikja og hvenær þeir skuli settir á að nýju.
- Að afgreiða óskir félaga um breytingar á leikjum.
- Að afgreiða beiðnir um undanþágur skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
- Að gera tillögu til stjórnar um þátttökugjöld í mótum á vegum KSÍ.
- Að halda skrá um þátttöku félaga í mótum á vegum KSÍ.
- Að halda skrá um sameiginleg keppnislið félaga og samninga þar um.
- Að halda gagnagrunn um leiki á vegum KSÍ, úrslit þeirra og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.
- Að annast eftirlit með framkvæmd leikja í mótum á vegum KSÍ.
- Að halda skrá yfir opin mót aðildarfélaga.
- Að veita aðildarfélögum ráðgjöf um mótamál.
- Að gera tillögur til stjórnar um breytingar á mótafyrirkomulagi þegar við á.

### 5.gr.

Mótanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

### 6.gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

### 7.gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007*

